

## Borgarráð

### *Uppgreiðsla eigendaláns hjá Lánasjóði sveitarfélaga*

Lagt er til að borgarráð veiti fjármálastjóra heimild til að greiða upp eftirstöðvar eigendaláns borgarsjóðs hjá Lánasjóði sveitarfélaga, að fjárhæð 200.179.211 kr., samhliða greiðslu á afborgun lánsins þann 1.3.2018.

#### Greinargerð:

Lánið sem um ræðir var tekið í lok árs 2009 og var þá 1.000 m.kr. Það er með jöfnum afborgunum tvisvar sinnum á ári og var upphaflega til 10 ára. Lokagjalddagi er 2.9.2019 og því eru þrír gjalddaga ógreiddir eftir 1.3.2018. Það má greiða upp lánið án álags samhliða greiðslu gjalddaga, því er einungis tækifæri til að greiða upp lánið tvisvar sinnum á ári.

Vaxtakjör lánsins hljóða upp á breytilega verðtryggða vexti sem eru núna 2,65%. Að teknu tilliti til verðbólgu eru því nafnvextir lánsins um 5,11% en ársverðbólga er nú um 2,4% og blikur á lofti um að hún muni aukast á næstu misserum. Þetta þýðir að nafnvextir lánsins eru bæði hærri en þeir vextir sem Reykjavíkurborg getur ávaxtað fjármunum á til skamms tíma, sem eru á bilinu 3,70% til 4,30%, og vextir yfirdráttarheimildar Reykjavíkurborgar hjá Íslandsbanka, sem eru nú 5,05%. Þá greiðir borgin einnig fjármagnstekjuskatt af vaxtatekjum sem lækkar nafnvexti skammtímaávöxtunar í 2,89% til 3,35%.

#### Ábatagreining

Við greiningu á ábata af uppgreiðslu lánsins var stillt upp 4 einföldum sviðsmyndum. Grunnsviðsmyndin sýnir óbreytt ástand þar sem verðbólga er áfram 2,4% út lánstímann og vextir eru óbreyttir. Í kjölfarið var einnig stillt upp sviðsmynd þar ástandið var óbreytt en betri ávöxtun fékkst á laust fé borgarsjóðs. Átt var við verðbólgu í seinni tveimur sviðsmyndum en í annari var gert ráð fyrir aukinni verðbólgu sem smitar út í yfirdráttar- og innlánsvexti á meðan hin sýnir mjög lága verðbólgu. Líkt og sjá má á töflunum hér að neðan er ávallt ábati af því að greiða upp lánið en hann er á bilinu 3,0 til 4,5 milljónir króna.

Óbreytt ástand	Greiðsluáætlun		Óbreytt ástand en betri ávöxtun	Greiðsluáætlun	
	láns fylgt eftir	Lánið greitt upp		láns fylgt eftir	Lánið greitt upp
Vextir	5.304.749	1.435.400	Vextir	5.304.749	1.435.400
Verðbætur	4.949.584		Verðbætur	4.949.584	
Greiddur fjármagnstekjuskattur	0	-1.387.290	Greiddur fjármagnstekjuskattur	0	-1.499.772
Tapaðir innlánsvextir	0	6.305.861	Tapaðir innlánsvextir	0	6.817.148
Samtals	10.254.333	6.353.971	Samtals	10.254.333	6.752.776
<b>Ábati af uppgreiðslu láns</b>		<b>3.900.362</b>	<b>Ábati af uppgreiðslu láns</b>		<b>3.501.557</b>

Verðbólga 3% á tímabilinu	Greiðsluáætlun		Verðbólga 2% á tímabilinu	Greiðsluáætlun	
	láns fylgt eftir	Lánið greitt upp		láns fylgt eftir	Lánið greitt upp
Vextir	5.304.749	1.577.519	Vextir	5.304.749	1.435.400
Verðbætur	6.199.272		Verðbætur	4.119.197	
Greiddur fjármagnstekjuskattur	0	-1.527.893	Greiddur fjármagnstekjuskattur	0	-1.387.290
Tapaðir innlánsvextir	0	6.944.969	Tapaðir innlánsvextir	0	6.305.861
Samtals	11.504.021	6.994.595	Samtals	9.423.946	6.353.971
<b>Ábati af uppgreiðslu láns</b>		<b>4.509.426</b>	<b>Ábati af uppgreiðslu láns</b>		<b>3.069.975</b>

## Áhættumat

Hér að neðan má sjá sjóðstreymisáætlun út árið 2018 þar sem gert hefur verið ráð fyrir uppgreiðslu lánsins en eins og sjá má á henni þá ógnar sú uppgreiðsla ekki sjóðstöðu borgarsjóðs. Á tímabilinu er áætlað að borgarsjóður þurfi einungis að nýta yfirdrátt í 28 daga og aðeins eitt tilvik þar sem nýting yfirdráttar er bein afleiðing af uppgreiðslunni. Yfirdráttarheimild borgarsjóðs er 6.000 m.kr. og er nýtingin á þeirri heimild mest 39% í einn dag frá 1. mars 2018 til 31. desember 2018 en yfir þessa 28 daga þar sem yfirdráttarheimildin er nýtt er nýting hennar að jafnaði 16,8%. Þessu til viðbótar er rétt að nefna verðbréfasafn sem Reykjavíkurborg á en það er um 6.005 m.kr. að stærð þann 15.2.2018 og er hægt að innleysa fjármuni þar með tveggja daga fyrirvara gerist þess þörf. Þá liggur fyrir að Reykjavíkurborg getur tekið að nýju eigendalán hjá Lánasjóði sveitarfélaga á jafnhagstæðum kjörum. Það ætti því að vera ljóst að uppgreiðsla þessa láns að fjárhæð 200 m.kr. ógnar ekki greiðsluhæfi borgarsjóðs.

	Mars	Apríl	Mai	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
1	-2.343.700	-1.261.373	584.260	3.666.141	1.638.352	4.004.686	4.197.820	6.519.404	6.085.158	3.558.068
2	-1.891.602	-1.261.373	2.050.131	3.666.141	2.926.121	4.099.279	4.197.820	6.592.908	5.960.600	3.558.068
3	-1.891.602	436.783	2.213.739	3.666.141	3.267.657	4.072.069	5.266.570	6.929.638	5.960.600	2.907.324
4	-1.891.602	866.418	2.298.944	3.550.917	3.119.023	4.072.069	5.602.519	6.616.627	5.960.600	3.227.152
5	-689.016	560.145	2.298.944	3.432.627	2.951.048	4.072.069	5.426.388	6.550.721	6.094.587	2.930.271
6	-697.358	600.049	2.298.944	3.434.610	2.874.075	4.072.069	5.697.455	6.550.721	5.900.756	2.892.006
7	-720.354	600.049	2.129.915	3.480.110	2.874.075	3.895.994	5.566.307	6.550.721	5.751.308	3.175.076
8	-695.749	600.049	2.001.814	3.330.369	2.874.075	3.907.240	5.566.307	6.499.358	5.803.526	3.175.076
9	-242.717	578.025	2.285.182	3.330.369	2.789.720	4.068.876	5.566.307	6.346.661	5.277.657	3.175.076
10	-242.717	667.996	2.285.182	3.330.369	2.889.057	4.193.856	5.487.515	6.082.487	5.233.478	2.830.202
11	-242.717	665.705	2.123.255	2.710.902	2.939.576	4.193.856	5.117.415	6.145.153	5.233.478	1.897.352
12	-449.610	716.096	2.123.255	2.767.614	2.835.873	4.193.856	5.116.553	6.117.145	5.233.894	1.762.780
13	-412.307	752.091	2.123.255	2.824.641	2.761.682	4.184.055	5.118.333	6.117.145	5.223.527	1.756.271
14	-545.148	752.091	2.057.029	2.275.709	2.761.682	4.045.551	4.984.100	6.117.145	4.847.626	1.474.809
15	-1.679.200	752.091	741.880	763.900	2.761.682	2.842.820	4.984.100	4.537.475	3.565.923	1.474.809
16	-1.472.803	-516.524	1.002.938	763.900	1.171.470	4.004.602	4.984.100	5.457.969	3.579.299	1.474.809
17	-1.472.803	-863.546	5.614.347	763.900	2.376.486	7.873.049	3.713.190	9.429.670	3.579.299	-219.245
18	-1.472.803	3.859.221	5.655.963	1.133.272	6.197.497	7.873.049	4.811.421	9.627.982	3.579.299	-41.262
19	2.955.387	3.859.221	5.655.963	6.043.795	6.382.747	7.873.049	9.392.738	9.249.311	8.441.596	5.334.213
20	2.730.253	3.567.317	5.655.963	5.427.291	6.267.580	7.882.814	9.334.076	9.249.311	8.303.315	4.914.863
21	2.835.796	3.567.317	5.655.963	5.635.093	6.267.580	7.625.214	9.146.355	9.249.311	8.297.488	4.841.495
22	2.816.929	3.567.317	5.632.246	5.189.960	6.267.580	7.575.371	9.146.355	9.220.487	8.337.232	4.841.495
23	2.815.550	3.399.342	5.511.519	5.189.960	6.282.481	7.572.493	9.146.355	9.145.097	8.125.097	4.841.495
24	2.815.550	3.559.482	5.247.671	5.189.960	6.008.661	7.548.670	9.004.700	8.728.184	8.125.097	4.841.495
25	2.815.550	3.674.054	5.290.874	4.908.419	5.767.183	7.548.670	8.668.625	8.464.303	8.125.097	4.841.495
26	2.283.827	3.674.054	5.290.874	4.765.740	5.842.267	7.548.670	8.324.090	8.353.521	7.631.836	4.841.495
27	2.046.689	3.674.054	5.290.874	4.595.238	5.756.827	7.177.018	8.055.203	8.353.521	7.478.577	1.743.997
28	-1.261.373	3.674.054	5.025.371	5.349.503	5.756.827	7.153.794	5.150.591	8.353.521	7.241.351	1.462.741
29	-1.261.373	3.674.054	5.109.429	1.638.352	5.756.827	7.131.382	5.150.591	7.632.743	7.472.961	1.462.741
30	-1.261.373	584.260	5.275.902	1.638.352	6.063.007	6.782.908	5.150.591	7.795.255	3.558.068	1.462.741
31	-1.261.373		2.173.655		2.860.604	4.197.820		5.034.379		809.901

Dagur B. Eggertsson